



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
105 Reykjavík

Reykjavík, 06.05.2020

/

## Efni: Athugasemdir Veitna við tillögu að starfsleyfi fyrir Malbikstöðvarinnar ehf, Koparsléttu 6-8

Veitur ohf. hafa rýnt tillögu að starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir Malbikunarstöðina ehf.

Tillagan að starfsleyfi felur í sér að Malbikstöðinni sé heimilt að starfrækja malbikunarstöð á lóðinni nr. 6 – 8 við Koparsléttu, þ.e. framleiðslu af 160 t/klst malbiki og rekstur á tengdri starfsemi og þjónustu, auk þess að vera með allt að 200 m<sup>3</sup> birgðir af biki og olíu á starfssvæðinu í litlum geymum og eldsneyti á lóð.

Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu á deiliskipulagi innan athafnasvæðisins á Esjumelum, *Malbikunarstöð að Koparsléttu 6 – 8* sem var auglýst 20. janúar – 2. mars og var samþykkt í borgarráði 2. apríl, en hefur enn ekki tekið gildi. Deiliskipulagstillagan kom í kjölfar breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 sem tóku gildi 16. september 2019 þar sem rýmkaðar voru heimildir fyrir starfsemi á skipulagssvæðinu *AT5a-b Esjumelar athafnasvæði við Vesturlandsveg*. Með breytingum er heimilt að starfrækja, að fengnu starfsleyfi, mengandi iðnað á athafnasvæðinu á Esjumelum, s.s. starfsemi efnisvinnslustöðva, flokkunarmiðstöðva, malbikunarstöðva og steypustöðva.

### Athugasemdir Veitna:

Veitur ohf reka fráveitukerfið á Esjumelum sem mun taka við skólpi af lóðum innan deiliskipulagsins. Fráveitukerfið var hannað í samræmi við þá gildandi aðalskipulag og staðfest deiliskipulag.

Hönnun fráveitukerfisins miðast við starfsemi sem er skilgreind fyrir svæði AT5 Esjumelar í Aðalskipulagi Reykjavíkur (AR 2010-2030), þ.e. *svæði þar sem fyrst og fremst má vera iðnaður og önnur starfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhættu í för með sér, s.s. verkstæði, gagnaver og vörugeymslur*.

Meðhöndlun ofanvatns á svæðinu byggir á blágrænum ofanvatnslausnum og settjarnir. Þessar lausnir eru ekki hannaðar fyrir meðhöndlun á mengun sem kemur oft frá starfsemi þess iðnaðar sem lýst er að ofan.

Fráveitukerfi Veitna á Esjumelum getur ekki tekið við mengun sem er upprunnin af einstakri atvinnustarfsemi og er því nauðsynlegt að ofanvatn frá mengandi starfsemi á iðnaðarlóð Malbikstöðvarinnar ehf. verði meðhöndlað sérstaklega innan lóðanna áður en það er leitt í fráveitukerfi Veitna. Á það einnig við um mengun sem fellur af lóðinni vegna afrennslis ofanvatns frá birgðasvæði, s.s. frá biki og olíu starfssvæðinu og olíugeymslu á lóð.



Veitur óska þess að gerð sé krafa um að í starfsleyfi Malbikstöðvarinnar ehf að verði lögð fram áætlun um meðhöndlun ofanvatns frá lóðinni. Þar skuli koma fram útlistun á helstu mengunarvöldum frá starfseminni sem líkur eru á valdi mengun ofanvatns sem og aðgerðum lóðarhafa til þess að koma í veg fyrir að þeir mengunarvaldar eigi greiða leið í viðtaka.

Veitur ehf telja nauðsynlegt að í deiliskipulag og starfsleyfi sé settir fram skilmálar um fráveitu og meðhöndlun ofanvatns á svæðinu, þannig að dregið sé eins og hægt er úr áhrifum starfseminnar á sjó og strandsvæði. Einnig verði skýrt hver ábyrgð og viðbrögð rekstraraðila skulu vera ef til óhapps kemur.

Virðingarfyllst,

Margrét María Leifsdóttir  
Sérfræðingur fráveitu í rekstri og tækni